

Fiskistofa,  
Guðni Magnús Eiríksson,  
Dalshrauni 1,  
220 HAFNARFIRÐI.


Laxamýri, 18.04.2021.

### **Efni: Ósk um að bann verði lagt við netaveiðum á göngusilungi í sjó í Skjálfandaflóa**

Undirrituð veiðifélög vilja með bréfi þessu fara fram á að bann verði lagt við netaveiði á göngusilungi í sjó í Skjálfandaflóa. Beiðnin er sett fram á grundvelli 5. mgr. 15. gr. laga nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði, þar sem segir að Fiskistofu er heimilt, samkvæmt beiðni veiðifélaga sem hagsmuna eiga að gæta heimilt með reglum að takmarka eða banna á tilteknum svæðum og um tiltekinn tíma veiði silungs ef slíkt er nauðsynlegt til þess að tryggja fiskigengd í nærliggjandi veiðivötn. Beiðnin er sett fram vegna stöðu laxa- og silungastofna í vatnakerfi Laxár. Benda má á að slíkt bann hefur verið sett við Faxaflóa.


Lengi hefur verið á allra vitorði að lax veiðist í net sem lögð eru fyrir göngusilung sem meðafli, sérstaklega smálax. Orðrómur hefur verið um að einstaka netaveiðiaðilar hafi sum sumur fengið vel á annan tug laxa. Jafnvel þótt að við gefum okkur það að laxinum sé sleppt úr netunum er ljóst að hann lifir slíka meðferð ekki af og drepst. Nokkrum sinnum hafa fundist laxar í silungsveiðinetum t.d. við eftirlit veiðieftirlitsmanns þann 6.7.2017 kom í ljós að í neti í Héðinsvík voru þrjú laxar. Ekki var að sjá á veiðiskýrslum þess árs að þessir laxar hafi verið bókaðir sem veiði. Og allur silungur sem í netin fer er drepinn.

Veiðin í Laxá, Mýrarkvísl og Reykjadalssá hefur verið hættulega lítil í nokkur ár og aldrei lélegri en í fyrra þegar 385 laxar veiddust í Laxá sem er 26% af meðalveiði á ánni. Þá veiddust 17 laxar í Reykjadalssá og má segja að stofninn sé við það að deyja út. Gripið hefur verið til margháttaðara ráðstafana til að vernda stofnana meðal annars með því að banna að drepa lax í þeim öllum. Vert er einnig að benda á að náttúra Laxár er vernduð með sérstökum lögum og líklega er laxastofninn í Laxá í Aðaldal sá stofn sem hefur hvað mesta verndargildi af öllum íslenskum laxastofnum. Myndin að neðan sýnir þróunina glögg.



1. mynd. Laxveiði í Laxá í Aðaldal, Reykjadalssá og Mýrarkvísl á árunum 1974 – 2019. Heimild Hafrannsóknarstofnun.

Veiðifélögin telja einnig að vafi leiki á því að bleikjustofnar á svæðinu þoli netaveiði. Benda má á verulega minnkun í bleikjuveiði í Eyjafirði sem liggur næst Skjálfandaflóa, klárt er að ef sama ástand er á þeim stofnum sem veitt er úr við Skjálfandaflóa þola stofnarnir ekki veiði. Skráningar á bleikjuveiði í Laxá sýna þessa sömu þróun en tala má um hrun í þeirri veiði. Vert er að benda á að engin tilraun hefur verið gerð til að kanna úr hvaða stofnum bleikjan er sem veidd er í net í Skjálfandaflóa er. Hvað þá hvort þeir þola veiði.



2. mynd. Veiði á laxi, urriða á bleikju í Laxá í Aðaldal á árunum 1974-2019. Heimild Hafrannsóknastofnun.

Þá veiðist í þessi net sjóbirtingur. Sjóbirtingur er fjölær fiskur sem getur orðið mjög gamall og gengur þá árlega upp í heimaána. Stærsti sjóbirtingsstofninn á þessu landssvæði er í Litluá í Kelduhverfi. Þar er langt síðan hætt var með öllu að drepa fisk í Litluá. Markmiðið með því er að stækka stofninn og efla, hefur þetta verulega styrkt Litluá sem veiðiá. Líkast til veiðist aðallega sjóbirtingur út Litluá og Brunná í net fyrir landi Húsavíkur. Minni stofn er í Laxá sem útaf fyrir sig hefur mikið verndargildi vegna sérstöðu Laxár.

Erfitt er að meta umfang þessara veiða en rétt undan ósum Laxá í landi Húsavíkurkaupstaðar selur Norðurþing 10 silungsveiðilagnir á 12.000 kr. leyfið. Lagnir 1-2 liggja í 3,6 kílómetra fjarlægða frá ósum Laxár. Ítrekað hefur sveitarfélagið verið beðið um að hætta þessu veiðum í ljósi þeirra náttúru- og atvinnuhagsmuna sem liggja að baki en því hefur ítrekað verið hafnað. Svo virðist sem heildartekjur sveitarfélagsins af þessari veiðleyfasölu nemi 120 þúsund krónum.



3. Mynd. Mynd af því veiðisvæði sem liggur næst ósum Laxár.

Þótt auðvitað skipti velferð stofnanna mestu er vert er að benda á að við vatnakerfi Laxár eru rekin 6 veiðiheimili þar af eru þrjú með fullri þjónustu. Samtals eru seldir á bilinu 5-6.000

veiðidagar í vatnakerfinu. Öll þessi starfsemi skilar verulegum arði til fjölda bænda, veitir tugum manna atvinnu yfir sumarið og dregur þúsundir ferðamanna inn á svæðið. Þá byggir þessi starfsemi upp ímynd svæðisins. Minnkun í veiði hefur haft mikil talsverð áhrif á tekjumöguleikana. Þannig hætti leigutaki Reykjadalssár við leigu árinna í fyrra og Laxárfélagið sem hafði haft verulegan hluta Laxár á leigu í 80 ár hætti starfsemi. Samhliða nýju sölufyrirkomulagi í Laxá var stöngum fækkað með talsverðum neikvæðum áhrifum á tekjur.

Sama má segja um Litluá í Kelduhverfi og Brunná. Þær ár er mikilvægar fyrir dreifbýlið og byggja að öllu leiti á því að veiða og sleppa bleikju og sjóbirting. Að þessi sami fiskur liggja á sama tíma undir álagi frá veiðum í sjó er auðvitað tímáskekkja.

Með bréfi þessu er þess óskað að Fiskistofa banni veiðar á göngusilungi í Skjálfaflóa í ljósi þeirra náttúru- og atvinnuhagsmuna sem að ofan er lýst.

Óskað er eftir því að Fiskistofa bregðist við beiðni þessari án tafar og eigi síðar en 2. maí nk.

Virðingarfyllt

F.h. Veiðifélags Laxár í Aðaldal

Jón Helgi Björnsson

F.h. Veiðifélags Mýrarkvíslar

Páll Ólafsson

F.h. Veiðifélags Reykjadalssár og Eyvindarlækjar

Guðmundur Helgi Bjarnason

Afrit;

Norðurþing

Þingeyjarsveit

Hafrannsóknarstofnun

Veiðfélag Litluár

Veiðfélag Brunnár

Veiðfélag Skjálfafljóts